

## Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2009

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2009 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 14. apríl 2010. Samkvæmt sveitarstjórnalögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn miðvikudaginn 12. maí næstkomandi.

### Rekstur ársins 2009

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta eru Aðalsjóður, Eignasjóður, Þjónustustöð og Fasteignafélag Árborgar. Í B-hluta eru Leigubústaðir, Byggingarsjóður aldraðra, Fráveita, Vatnsveita og Selfossveitur. Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum, en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru:

Í þús.kr.	A-hluti		Mis- munur	A- og B-hluti		Mis- munur
	2009	Áætlun		2009	Áætlun	
Rekstrartekjur	3.630.828	3.604.181	26.647	4.379.120	4.339.400	39.720
Rekstrargjöld	3.472.195	3.499.660	(27.465)	3.682.390	3.698.282	(15.892)
Niðurstaða án afskrifta	158.633	104.521	54.112	696.729	641.118	55.611
Afskriftir	(198.946)	(197.760)	(1.186)	(335.816)	(333.926)	(1.890)
Niðurstaða án fjárm. liða	(40.313)	(93.239)	52.926	360.914	307.192	53.722
Fjármagnsliðir, nettó	(566.361)	(549.688)	(16.673)	(795.379)	(821.884)	26.505
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	<b>(606.674)</b>	<b>(642.927)</b>	<b>36.253</b>	<b>(434.466)</b>	<b>(514.692)</b>	<b>80.226</b>
Söluhagnaður	0	0	0	0	0	0
Niðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	(606.674)	(642.927)	36.253	(434.466)	(514.692)	80.226
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(14.665)	0	(14.665)
Rekstrarniðurstaða	<b>(606.674)</b>	<b>(642.927)</b>	<b>36.253</b>	<b>(449.131)</b>	<b>(514.692)</b>	<b>65.561</b>

Heildartekjur eru 4.379 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 4.018 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 91,76% af heildartekjum A og B hluta ársreikningsins. Fræðslu- og uppeldismál eru umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 2.077 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er mjög stór vinnuveitandi; greiðir um 2.267 millj.kr. í laun og launatengd gjöld. Handbært fé frá rekstri er 538 millj.kr., afborganir lána eru 733 millj.kr. og nettó fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er 871 millj.kr. Tekin voru ný lán á árinu alls 400 millj.kr.

Reikningurinn sýnir jákvæð frávik miðað við fjárhagsáætlun ársins 2009 sem nemur 65,6 millj.kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir tapi að fjárhæð 514,7 millj.kr. en upphafleg áætlun ársins sem gerð var í desember 2008 gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu sem nemur 489,6 millj.kr.

Skatttekjur eru 145 millj.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir, tekjur frá Jöfnunarsjóði 28 millj.kr. yfir áætlun og aðrar tekjur 133,6 millj.kr. undir áætlun.

Einnig eru jákvæð frávik í öðrum málaflokkum. Í stofnunum og deildum undir A-hluta munar mest um 25,7 millj.kr. sem Sameiginlegur kostnaður er undir áætlun og 11,8 millj.kr. sem Félagsþjónustan er undir áætlun. Skipulags- og byggingarmál eru 6,7 millj.kr. undir áætlun, Hreinlætismál eru 6 millj.kr. undir áætlun og Menningarmál eru 5,6 millj.kr. undir áætlun. Fræðslu- og uppeldismál eru 42,8 millj.kr. yfir áætlun og uppreiknuð lífeyrisskuldbinding er 25,1 millj.kr. yfir áætlun. Æskulýðs- og íþróttamál eru 16,6 millj.kr. yfir áætlun, Umhverfismál eru 8,9 millj.kr. yfir áætlun og Umferðar- og samgöngumál eru 6,7 millj.kr. yfir áætlun. Aðrir sjóðir í Aðalsjóði vega minna. Þá eru nettó fjármagnsliðir í Aðalsjóði 992 þús.kr. yfir áætlun. Eignasjóður, Þjónustustöð og Fasteignafélag Árborgar eru samtals 75,7 millj.kr. yfir áætlun. Í B-hluta skilar Vatnsveitan betri afkomu en áætlað var sem nemur 27,7 millj.kr. og Fráveitan skilar betri afkomu en áætlað var sem nemur 15 millj.kr. Leigubústaðir Árborgar fara 4,4 millj.kr. yfir áætlun en Byggingasjóður aldraðra er 2,8 millj.kr. undir áætlun. Selfossveitur skila 11,9 millj.kr. lakari afkomu en áætlað var.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar námu alls 871,1 millj.kr., sem skiptist þannig: fasteignir 641,9 millj.kr, veitu- og gatnakerfi 229,2 millj.kr.

## Efnahagsreikningur 31.12.2009

Samanteknar niðurstöður efnahagsreikningsins birtast í töflunni hér að neðan:

Í þús.kr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2009	2008	2009	2008
<b>Eignir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.424.759	4.906.715	8.266.681	7.731.338
Áhættufjárm. og langt.kröfur	1.125.344	1.146.916	447.794	465.156
Veltufjármunir	1.353.108	1.934.854	1.244.914	1.848.594
Eignir samtals	7.903.210	7.988.485	9.959.389	10.045.088

Frh. frá fyrri síðu

<i>Í þús.kr.</i>	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2009	2008	2009	2008
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé	400.825	1.007.499	921.091	1.404.962
Lífeyrisskuldbindingar	1.110.404	1.044.978	1.210.529	1.142.847
Langtímaskuldir	4.764.672	4.657.043	6.313.978	6.252.211
Skammtímaskuldir	1.627.309	1.278.965	1.513.791	1.245.067
Skuldir og skuldb. samtals	7.502.385	6.980.986	9.038.298	8.640.126
Eigið fé og skuldir samtals	7.903.210	7.988.485	9.959.389	10.045.088

### Sjóðstreymi ársins 2009

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan:

<i>Í þús.kr.</i>	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2009	Fjárh.áætl.	2009	Fjárh.áætl.
Niðurstaða ársins	(606.674)	(642.927)	(449.131)	(514.692)
Veltufé frá rekstri	106.685	(12.765)	534.390	427.970
Handbært fé frá rekstri	168.545	(56.765)	538.338	383.970
Fjárfestingahreyfingar	(661.223)	(392.328)	(816.535)	(501.331)
Fjármögnunarhreyfingar	(78.734)	(35.185)	(283.193)	(365.710)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé	(571.412)	(484.278)	(561.391)	(483.071)

## Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan:

<i>Í hlutfalli við rekstrartekjur</i>	<b>Bæjarsjóður</b>		<b>Samstæða</b>	
	<b>A-hluti</b>	<b>Áætlun</b>	<b>A- og B-hluti</b>	<b>Áætlun</b>
	<b>2009</b>		<b>2009</b>	
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>				
Laun og launatengd gjöld	59,6%	59,3%	51,8%	51,7%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	2,0%	1,1%	1,9%	0,9%
Annar rekstrarkostnaður	34,0%	36,7%	30,5%	32,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	4,4%	2,9%	15,9%	14,8%
Afskriftir	5,5%	5,5%	7,7%	7,7%
Fjármagnsliðir	15,6%	15,3%	18,2%	18,9%
Reiknaðir skattar	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%
Rekstrarniðurstaða	-16,7%	-17,8%	-10,3%	-11,9%
Hreint veltufé frá rekstri	2,9%	-0,4%	12,2%	9,9%
Handbært fé frá rekstri	4,6%	-1,6%	12,3%	8,8%
<b>Í þús.kr.</b>				
	<b>2009</b>	<b>Áætlun</b>	<b>2009</b>	<b>Áætlun</b>
<b>Á íbúa</b>				
Skatttekjur	417	375	417	375
Aðrar tekjur	47	62	142	152
Laun og launatengd gjöld	(286)	(264)	(300)	(277)
Annar rekstrarkostnaður	(158)	(161)	(170)	(172)
Afskriftir	(25)	(24)	(43)	(41)
Fjármunatekjur og fjárm.gjöld	(72)	(67)	(102)	(100)
Óreglulegir	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	(78)	(78)	(56)	(63)
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Veltufjárhlutfall	0,83	0,91	0,82	0,95
Eiginfjárhlutfall	5,1%	0,05%	9,2%	0,09%
<b>Íbúafjöldi</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
Í árslok	7.825	7.936	7.565	7.311

## Framtíðarsýn

Rekstrarniðurstaða ársins 2009 ber þess merki að þungt er fyrir fæti í rekstri sveitarfélaga. Sveitarfélagið Árborg greip til víðtækra aðhaldsaðgerða og niðurskurðar í rekstri strax í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og kom það skýrt fram í fjárhagsáætlun ársins 2009. Það er ánægjulegt að sjá þann mikla bata sem orðið hefur í rekstri sveitarfélagsins frá árinu 2008. Rekstur aðalsjóðs á árinu 2009 er töluvert betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, eða tæpum 112 millj.kr. betri, þrátt fyrir verulega hagræðingu og niðurskurð á flestum sviðum við gerð áætlunarinnar. Ber að þakka þessa niðurstöðu samstilltu átaki stjórnenda og starfsfólks sveitarfélagsins sem tekið hafa höndum saman til að vernda grunnþjónustuna.

Á árinu 2009 fækkaði íbúum Árborgar um 111 en það er fækkun um 1,4 %. Á árunum 1998 - 2008 fjölgaði íbúum hins vegar um 45 %. Íbúafjölgun á árunum 2003 - 2008 var tæp 5 % að meðaltali á ári. Á þessum mikla vaxtartíma þurfti sveitarfélagið að ráðast í stórar og fjárfrekar framkvæmdir til að byggja upp þjónustu og aðstöðu fyrir íbúana. Tekin voru lán til að fjármagna þessar framkvæmdir að hluta og er fjármagnskostnaður vegna þeirra lána verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélagið á þeim tímum sem nú eru. Bent skal þó á að fjármagnsgjöld ársins 2009 eru tæplega 654 millj.kr. lægri en fjármagnsgjöld ársins 2008, og nema rúmum 795 millj.kr. á árinu 2009.

Helstu fjárfestingar ársins 2009 voru framkvæmdir við skólabyggingu á Stokkseyri, framkvæmdir við ípróttasvæði við Engjaveg á Selfossi og útiklefa við Sundhöll Selfoss, við gámasvæði og viðbætur við gatnakerfi. Þá voru framkvæmdir við vatnsveitu, fráveitu og hjá Selfossveitum. Einnig fóru fram viðamiklar endurbætur á tilteknum eignum Leigubústaða. Sveitarfélagið hefur á undanförunum árum bætt verulega aðstöðu fyrir grunnþjónustuna og má segja að í þeim málum séum við ágætlega búin undir samdrátt og aðhald í fjármálum. Áfram þarf þó að vinna að endurbótum eigna, m.a. í fráveitu-, hitaveitu- og neysluvatnskerfi. Ekki er á þessari stundu hægt að segja nákvæmlega til um fjárfestingar næstu ára vegna efnahagsástandsins og áhrifa þess á rekstur sveitarfélagsins, þrátt fyrir að uppbyggingar- og endurbóta sé þörf á ýmsum sviðum. Vísað er til þriggja ára áætlunar í þeim efnum en hana má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Fyrstu mánuði yfirstandandi árs hefur íbúatalan í Árborg lítið breyst og gera má ráð fyrir að hún haldist svo til óbreytt þar til ástandið glæðist í atvinnumálum og hreyfing kemst aftur á íbúðalánamarkaðinn. Sveitarfélagið Árborg er ákjósanlegur kostur fyrir fjölskyldur og fyrirtæki eins og sjá má af þeirri miklu íbúafjölgun sem átti sér stað á síðasta áratug. Sveitarfélagið Árborg er eignamikilið sveitarfélag og sé lítið til þriggja ára áætlunar árunna 2011-2013 má sjá að sveitarfélagið mun geta staðið við sínar fjárhagsskuldbindingar og áfram veitt íbúunum alla grunnþjónustu. Til þess þarf þó að gæta áframhaldandi ráðdeildar og skynsemi við rekstur og framkvæmdir. Þriggja ára áætlun sýnir að með áframhaldandi aðhaldi og breytingum í rekstri verður jákvæðri rekstrarniðurstöðu náð á árinu 2013. Eigið fé mun halda áfram að lækka fram til ársins 2013 en þá er áætlað að eiginfjárlutfall hækki aftur.

Niðurskurður og hagræðing til að laga rekstur sveitarfélags að breyttu efnahagsumhverfi er flókið og viðkvæmt verkefni. Mestu skiptir að forgangsroðunin sé skýr og að velferðar íbúanna, með sérstakri áherslu á málefni barna, ungmenna og efnaminni hópa, sé gætt í hvívetna.

Hægt verður að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is> eftir að hann hefur verið tekinn til síðari umræðu í bæjarstjórn.